

✉ Re: 202201032 - Deiliskipulag Reynivalla Efribæjar - Beiðni um umsögn

Búið til	11.4.2022 16:20:08
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	11.4.2022 16:20:07
Tilheyrir	📁 202202-0035 - Deiliskipulag Reynivalla, Efribæjar, í Suðursveit

Efni

Re: 202201032 - Deiliskipulag Reynivalla Efribæjar - Beiðni um umsögn

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	11.4.2022 16:20:07	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	anna.bragadottir@hornafjordur.is, skipulag@hornafjordur.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202202-0035 (BK).

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar, dags. 24. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna tillögu að deiliskipulagi Reynivalla, Efribæjar, í Suðursveit. Deiliskipulagið tekur til núverandi bæjartorfu og m.a. eru afmarkaðar lóðir og byggingarreitir fyrir frístundahús, smáhýsi og skemmu fyrir búfé og vinnuvélar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér meðfylgjandi gögn og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Tillögunni hefði mátt fylgja nýlegri loftmynd en sé landið skoðað á vefsíðu Landmælinga Íslands sést að þar hafa átt sér stað nokkrar breytingar frá því að meðfylgjandi loftmynd var tekin.

Fyrirhuguð smáhýsi og frístundahús eru á landi sem skilgreint er að mestu sem tún en fer einnig yfir öröskuð svæði, aðallega mosamóavist (vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands, <https://vistgerdakort.ni.is/> (<https://vistgerdakort.ni.is/>)). Á nýlegri loftmynd (<https://kortasja.lmi.is> (<https://kortasja.lmi.is>) má einnig sjá að trjám hefur verið plantað á svæðinu. Svæðið sem um ræðir er í grennd við önnur mannvirki og fer ekki yfir vistgerðir sem hafa hátt verndargildi og því hefur Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við þennan hluta tillögunnar.

Búið er að leggja grunn að fyrirhugaðri skemmu samkvæmt nýlegri loftmynd. Á vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar eru skráðar þar í grennd graslendis- og votlendisvistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi og virðið svæðið vera að mestu óraskað. Vegna þessa vill Náttúrufræðistofnun beina þeim tilmælum til framkvæmda að raski sé haldið í lágmarki og sérstaklega verði forðast að spilla votlendi.

Auk verðmætra vistgerða má gera ráð fyrir töluverðum þéttleika vaðfugla og mikilvægt er að leitast verði við að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmda á vaðfugla. Ýmsar hættur steðja að búsvæðum vaðfugla á Íslandi og má þar meðal annars nefna skógrækt og aukinn fjöldi sumarhúsabyggða. Það er því brýnt að tekið sé tillit til þarfa þeirra við hvers kyns skipulag.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Anna Bragadóttir" <anna.bragadottir@hornafjordur.is>

To: "Þuríður Elísa Harðardóttir" <thuridur@minjastofnun.is>; "Vegagerðin - VG"

<Vegagerdin@vegagerdin.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "haust@haust.is" <haust@haust.is>;

"skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "vedur@vedur.is" <vedur@vedur.is>; "postur@minjastofnun.is"

<postur@minjastofnun.is>; "rarik@rarik.is" <rarik@rarik.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>;

"info@nattsa.is" <info@nattsa.is>

CC: "Bryndís Bjarnarson" <bryndis@hornafjordur.is>; "Brynja Dögg Ingólfssdóttir" <brynja@hornafjordur.is>;

"Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>

Subject: 202201032 - Deiliskipulag Reynivalla Efribæjar - Beiðni um umsögn

Date: 24.2.2022 14:50:58

Góðan daginn.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 10. febrúar 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Reynivalla, Efribæjar, í Suðursveit í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið tekur til núverandi bæjartorfu og m.a. eru afmarkaðar lóðir og byggingarreitir fyrir frístundahús, smáhýsi og skemmu fyrir búfé og vinnuvélar. Gerð er grein fyrir fjölda gesta á svæðinu í nýjum og núverandi húsum og á svæði fyrir stöðuhýsi.

Tillagan verður til sýnis frá og með 24. febrúar til 11. apríl 2022 í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 28, 780 Höfn og og er hún einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins gegnum eftirfarandi tengil:

Deiliskipulag Reynivalla, Efribæjar | Skipulag í kynningu | Hornafjörður (hornafjordur.is)
(<https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/deiliskipulag-reynivalla-efribaejar>)

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða vilja gera athugasemdir er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunina til 11. apríl 2022. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is (mailto:skipulag@hornafjordur.is).

Óskað er eftir umsögn þinnar stofnunar á tillögunni í samræmi við 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Frestur til að skila inn umsögnum er til 11. apríl.

Skila skal umsögnum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is (mailto:skipulag@hornafjordur.is)

F.h. umhverfis- og skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Anna Bragadóttir

Landfræðingur B.Sc.

Sími: 412-6285

<http://oneserver/onecrm/one.aspx?itemid=XUHHdFfpakuo9VCfd7FbJw1>
(<http://oneserver/onecrm/one.aspx?itemid=XUHHdFfpakuo9VCfd7FbJw1>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)